

**69. fundur Skóla- og frístundaráð, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18,  
19. september 2017 og hófst hann kl. 16:30**

**Fundinn sátu:**

Þórður Guðjónsson formaður, Sigríður Indriðadóttir varaformaður, Ásthildur Ósk Ragnarsdóttir áheyrnarfulltrúi, Ingibjörg Valdimarsdóttir varamaður, Jóhannes Karl Guðjónsson varamaður, Arnbjörg Stefánsdóttir áheyrnarfulltrúi skólastjóra grunnskóla, Sigurður Arnar Sigurðsson áheyrnarfulltrúi skólastjóra grunnskóla, Heiðrún Janusardóttir áheyrnarfulltrúi, Valgerður Janusdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs og Friðbjörg Eyrún Sigvaldadóttir verkefnastjóri.

**Fundargerð ritaði:** Valgerður Janusdóttir, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.

**Fyrir tekið:**

**1. 1709072 - Sundfélag Akranes - ungbarnasund og auglýsingaskilti**

Erindi frá Sundfélagi Akraness

Áheyrnarfulltrúi Hörður Jóhannesson tók sæti á fundinum.

*Erindinu um ungbarnasund er vísað til vinnu við fjárhagsáætlunargerð fyrir árið 2018 og skoðað verði hvort svigrúm er til að auka opnunartíma íþróttamannvirkja.*

*Skóla- og frístundaráð felur sviðsstjóra í samvinnu við forstöðumann íþróttamannvirkja og sviðsstjóra skipulags- og umhverfissviðs að finna lausn með Sundfélagi Akraness á því að félagið standi jafnfætis öðrum íþróttafélögum til öflunar fjár til reksturs starfsemi sinnar með auglýsingum.*

Hörður víkur af fundi kl. 17:30

**2. 1709080 - Gjaldskrá frístundastarfs**

Umræða um gjaldskrá og opnunartíma frístundar í grunnskólunum og Þorpinu.

Áheyrnarfulltrúar Arnbjörg Stefánsdóttir, Sigurður Arnar Sigurðsson og Heiðrún Janusardóttir tóku sæti á fundinum kl. 17:30.

Skóla- og frístundaráð samþykkir að lágmarkstímar til dvalargjalds í frístund á Akranesi verði 20 tímar.

Skóla- og frístundaráð samþykkir að opnunartími frístundaheimila á starfs- og viðtalsdögum verði samræmdur og verði opin á öllum skipulags- og viðtalsdögum eins og aðra daga, umsjónarmönnum frístundar falið að útfæra starfsemina þessa daga.

Skóla- og frístundaráð samþykkir jafnframt að það fari fram heildarendurskoðun á starfsemi frístundaheimila á Akranesi fyrir 1. - 4. bekk, taki endurskoðunin mið af fyrri reynslu, lögum um frístundastarf og gæðviðmiðum fyrir frístundastarf.

Endurskoðunin verði lokið í apríl 2018.

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:30.**

*Guðjónsson  
Sigríður Indriðadóttir  
Arnbjörg Stefánsdóttir  
Heiðrún Janusardóttir  
Valgerður Janusdóttir*